



Margmiðlun 9. bekkur 2024-2025

Megintilgangur náms og kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að nemendur öðlist alhliða hæfni í að greina, afla, nota og vinna með upplýsingar og gögn af virðingu og á gagnrýnninn hátt í samræmi við siðferðileg viðmið við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi. Mikilvægt er að nemendur fái að rækta með sér áhuga og þekkingu á tækjabúnaði og tækninni sem er allt í kring um okkur og þróa með sér tæknivitund.

Kennsluaðferðir

Margvíslegar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara og sýnikennsla til að gefa nemendum tækifæri til að efla þekkingu á því hvernig tæknilegar lausnir eru notaðar og virka, leita lausna og setja viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt. Nemendur eru hvattir til að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og tjá sig um viðfangsefni sín með orðaforða upplýsinga- og tæknimenntar og grundvallarhugtökum hennar.

Námsefni og gögn

Nemendur kynnast upplýsingatækni- og miðlun og þeim vinnuaðferðum og hugtökum sem henni tengjast. Þeir nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til skapa verkefni í grunnforritun, hreyfimyndagerð, þrívíddar teikniforriti og hanna heimasíðu. Google Classroom er notað til að halda utan um verkefni nemenda.

Námsmat

Lögð er áhersla á leiðsagnarnám þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn á uppbyggjandi hátt jafnt og þétt í námsferlinu. Með leiðsagnarmati fá nemendur reglulegar upplýsingar um framvindu náms.

Kennari: Guðbjörg Bjarnadóttir